

Minnisblað

Dagsetning: 10. nóvember 2020
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Verkefni 6 – Askja, Holuhraun, Svartá og Herðubreiðarlindir í Vatnajökulspjóðgarði. Jarðminjar, úttekt

Askja í Dyngjufjöllum er vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á norðurhálendinu. Dyngjufjöll eru megineldstöð með sigdældinni Öskju og a.m.k. tveimur öðrum öskjusingum, annað þeirra er Öskjuvatn. Í Öskju er háhitasvæði með hátt verndargildi og samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er markmiðið með stýringu ferðamanna á svæðinu að koma í veg fyrir spjöll á jarðmyndunum með hátt verndargildi¹.

Hið nýja **Holuhraun** myndaðist í eldgosi sem varð á eldstöðvakerfi Bárðarbungu 2014-2015. Það þekur um 85 km² og er stærsta hraun sem runnið hefur á Íslandi frá Skaftáreldum 1783-1784. Hraunið er viðkvæmt fyrir umferð og er umferð um það einungis heimil á merktri gönguleið.

Svartá sunnan Vaðöldu á upptök í Svartárbotnum þaðan sem hún rennur til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Skömmu áður en hún sameinast Jökulsá myndar hún fossinn Skínanda. Svartá er einstök hálendisvín með viðkvæmum gróðri á árbökkum.

Herðubreiðarlindir urðu hluti af Vatnajökulspjóðgarði árið 2019² en staðurinn er vinsæll viðkomustaður ferðamanna á norðurhálendinu. Þetta er einstök gróðurvin með viðkvæmum hálendisgróðri á ár- og vatnsbökkum. Þar eru fjölmargar uppsprettur, oft mjög djúpar. Hér finnst stór stofn dvergbleikju og hér hafa tvær tegundir grunnvatnsmarflóa fundist. Herðubreiðarlindir eru fjölbreyttasti varpstaður fugla á norðurhálendinu.

Markmið stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs frá 2013 (áður en Herðubreiðarlindir urðu hluti hans) er m.a. að vernda viðkvæman hálendisgróður og koma í veg fyrir gróðureyðingu á lindasvæðum í Ódáðahrauni ásamt því að vernda þar búsvæði heiðagæsa¹.

Framkvæmd 2020

Vettvangsvinna fór fram 1. og 2. júlí 2020 og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni og Sigprúði Stellu Jóhannsdóttur. Auk þess tóku landverðir í Dreka myndir af álagssvæðum við Öskjuvatn og Víti í ágúst. Þar var:

- Göngustígur í Holuhrauni og nánasta umhverfi hans myndað með flygildi.
- Göngustígur í Holuhrauni hnitaður með GPS.
- Skemmdir á jarðminjum á og við göngustíg í Holuhrauni skráðar og hnitaðar

¹ Vatnajökulspjóðgarður 2013. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun.

² Vatnajökulspjóðgarður 2019. Sótt 23. október af

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/moya/news/vatnajokulsthjodgardur-staekkadur-herdubreid-og-herdubreidarlindir-hluti-af-thjodgardinum>



- Forkönnun gerð á ástandi göngustíga og nánasta umhverfi þeirra við Svartárbotna og fossinn Skínanda í Svartá.
- Könnun gerð á fuglalífi í Svartárbotnum og meðfram Svartá að Jökulsá á Fjöllum. Einnig var fuglalíf kannað í Herðubreiðarlindum.
- Tjaldsvæðið og svæðið næst Þorsteinsskála í Herðubreiðarlindum myndað með flygildi.
- Forkönnun gerð á ástandi þriggja merktra gönguleiða (Herðubreiðarvötn Hb-1, Lindahraun Hb-2 og Lindá Hb-3), tjaldsvæðis og nánasta umhverfi þeirra í Herðubreiðarlindum.
- Álagssvæði við Öskju ljósmynduð til áframhaldandi myndvöktunar.
- Ljósmyndir teknar, hnitsettar og skráðar. Hluti þeirra nýtist við áframhaldandi myndvöktun.

Myndatökur með flygildi í Holuhrauni og Herðubreiðarlindum voru ekki teknar samkvæmt útgefnum leiðbeiningum og skörun því ekki nægjanleg til gerðar landlíkans. Göngustígur í Holuhrauni sást mjög illa á loftmyndum og voru aðeins stikutoppar greinilegir. Góðar loftmyndir náðust í Herðubreiðarlindum en nauðsynlegt er að endurtaka þær samkvæmt leiðbeiningum ef ákveðið verður að hefja vöktun þar.

Í Herðubreiðarlindum var ekki gengin gönguleið að ármótum Jökulsár á Fjöllum og Kreppu (Hb-4) né heldur gönguleið sem liggur að Herðubreið.

Ekki náðist að fara í Ösku í vettvangsferðinni en landverðir í Dreka voru settir inn í verkefnið og tóku þeir nokkrar myndir af jarðminjum á álagssvæðum við Öskjuvatn og Vikraborgir síðsumars.

Frumgögnum; eyðublöðum, GPS skrám og myndgögnum hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar en það á eftir bæta skráningu við einstakar myndir. Loftmyndir úr Holuhrauni nýtast ekki til vöktunar og var ekki skilað inn. Úrvinnsla landupplýsinga er eftir og áfram verður unnið í verkefninu í vetur.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Merkt gönguleið liggur um hið nýja Holuhraun. Gönguleiðin er ekki vel greinileg nema vegna göngustíka sem þar eru, sjáanlegt traðk og slit á hrauni er lítið og voru aðeins þrjár slíkar skemmdir skráðar á gönguleiðinni. Við upphaf gönguleiðar í hrauninu fannst ógreint sveifgras (*Poa sp.*) sem gæti hafa borist með ferðamanni en áhugavert væri að fylgjast með landnámi plantna á svæðinu. Sandur berst stöðugt inn í hraunið og hefur ásýnd þess við hraunjaðarinn breyst nokkuð á þeim stutta tíma sem liðinn er frá eldgosi. Miðað við núverandi umferð og álag á svæðinu mun myndvöktun með flygildi fyrst og fremst greina breytingar á hrauninu vegna sandburðar.

Merkt gönguleið liggur frá vegslóða að Svartárbotnum, upptökum Svartár sunnan við Vaðöldu. Leiðin liggur öll í sandi sem er á stöðugri hreyfingu þannig að fótspor afmást fljótlega. Ómerkt gönguleið liggur síðan frá bílastæði að fossinum Skínanda en á leiðinni er gengið um sanda og klappir. Gróður er á árbökkum Svartár, mestur í hólum og á norðurbakka árinna en lítill á suðurbakka. Gróður virtist ekki undir álagi. Fuglalíf var kannað frá upptökum árinna í Svartárbotnum og austur að Jökulsá á Fjöllum. Þar sáust 38 fuglar af 7 tegundum (1. tafla). Mest var af straumönd, 9 fuglar, en grágæs var eina tegundin sem sást með unga.

Gönguleiðin um Herðubreiðarvötn (Hb-1) var færð á nokkrum stöðum eftir að stígar urðu mjög blautir 2015-2016. Nýi stígurinn er enn ógreinilegur á köflum og á eftir að þetta stíkur³. Næst Þorsteinsskála er talsvert af aukastígum/hentistígum, m.a. vegna þess að menn stytta sér leið milli merktra gönguleiða. Gönguleiðin um Lindahraun (Hb-2) fer framhjá Eyvindarkofa og er mesta álagið á gróður

³ Sigurður Erlingsson 2020. Munnlegar upplýsingar.



og jarðveg við upphaf leiðar og við kofann. Gönguleiðin um Lindahraun fer um hraunsvæði þar sem sjá má falleg hraunreipi. Ekki var mikið um traðk og slit utan göngustígs. Lagfæringar stóðu yfir á gönguleið með Lindá (Hb-3), ekki var mikið álag á þeirri leið.

Umferð um tjaldsvæðið í Herðubreiðarlindum er stýrt til að draga úr álagi á gróður. Hluti tjaldsvæðis er því afgirtur og lokaður fyrir tjöldun. Einnig er búið að loka hluta gönguleiða sem lágu um tjaldsvæðið milli Þorsteinsskála og salerna og milli Strýtu og salerna. Nú er gestum aðallega beint á eina gönguleið milli skálans og salerna. Ástand gróðurþekju á tjaldsvæðinu var skoðað lítilsháttar. Best var það á friðaða svæðinu en þar var mikill mosi í sverði, grös og starir með víði og smárunnum. Á tjaldsvæðinu var þekja mosa minni, grös sneggri og lítið um víði og smárunna. Á afmarkaða göngustígnum var gróðurþekja rofin, þekja mosa lítil, lífræn jarðvegsskán áberandi og engir smárunnar eða víðir.

Samhliða ástandsmati í Herðubreiðarlindum var fuglalíf skráð. Alls sáust 18 tegundir en mesta fuglalífið var í kring um Álftavatn og lækinn sem rennur frá því. Þúfuttlingur var algengasti fuglinn og sást hvert sem farið var (sjá 2. töflu).

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Lagt er til að halda áfram myndvöktun á jarðminjum við Öskju. Í Holuhrauni er mikill sandburður inn í hraunið við göngustíginn og óvíst um árangur af vöktun jarðminja þar m.t.t. álags ferðamanna. Í Herðubreiðarlindum er lagt til að afmarka álagssvæði við upphaf gönguleiða í kringum Þorsteinsskála og á tjaldsvæði og fylgjast þar með gróður- og jarðvegseyðingu. Á tjaldsvæðinu væri hægt að setja upp föst gróðursnið til að vakta ástand gróðurs á mismunandi álagssvæðum og utan þeirra. Ólíklegt þykir að umferð ferðamanna hafi áhrif á fuglalíf við Svartá en áhugavert væri að fylgjast áfram með fuglalífi þar. Umferð ferðamanna getur haft áhrif á fuglalíf í Herðubreiðarlindum og lagt til að fylgjast með því.

Vísar:

- Flatarmál gróðurs- og jarðvegseyðingar á skilgreindu og afmörkuðu álagssvæði í kringum Þorsteinsskála og á tjaldsvæði.
- Lengd, breidd og ástandsflokkun hentistíga á skilgreindu og afmörkuðu svæði í kringum Þorsteinsskála og tjaldsvæði.
- Gróðurþekja, þekja tegundahópa, gróðurhæð og fjöldi tegunda á mismunandi álagssvæðum á tjaldsvæði (mism. ástand) skv. aðferð 1b.
- Umfang skemmda á jarðminjum við Öskju og Holuhraun.
- Fjöldi fugla á og við votlendissvæðin.

Aðferðir:

- Ljósmyndun með flygildi á álagssvæðum í Herðubreiðarlindum.
- Skráning hentistíga í kringum Þorsteinsskála og tjaldsvæði skv. aðferð 2c.
- Föst gróðursnið innan sem utan mismunandi álagssvæða á tjaldsvæði í Herðubreiðarlindum skv. aðferð 1b.
- Endurtekin ljósmyndun á álagssvæðum við Holuhraun, í Öskju og Herðubreiðarlindum.
- Heildartalning vatnafugla á Svartá og votlendissvæðum Herðubreiðarlinda.

Vinnuframlag og ferðakostnaður Náttúrustofunnar

Tímabil	Vinnutímar			
	Gagnasöfnun	Umsjón og úrvinnsla	Fæðispeningar/kr	Akstur/kr
1. júní – 10. nóvember 2020	51	36	71200	46065



1. tafla. Fuglar sem sáust við Svartárbotna og Svartá 1. júlí 2020. Fjöldi miðast við fullorðna fugla.

Tegund	Fjöldi	Athugasemd
Heiðagæs	6	Þrjú pör sáust, öll báru það með sér að hafa unga en þeir sáust bara hjá tveimur þeirra, annað með eitt og hitt með tvo unga. Gæsirnar voru á móts við miðja ána og voru mjög varar um sig og fóru af stað á mjög löngu færi. Þær gætu því verið vantaldar.
Gargönd	3	Tveir steggir og kolla efst á ánni
Stökkönd	7	Par, fjórir steggir og stök kolla sáust. Dreifðust um alla á. Líklega tveir steggir að auki sáust á flugi við Jökulsá.
Urtönd	6	Voru við upptök Svartár. Ekki náðist að kyngreina þær allar vegna fjarlægðar en virtust vera að mestu steggir. Líklega ein urtönd að auki sást á flugi við Jökulsá.
Straumönd	9	Þrjú pör, tveir steggir og kolla. Dreifðust um alla ána. Þær gætu verið vantaldar við hólmana neðst þar sem ekki var mögulegt að sjá í allar kvíslar og bakka á þeim kafla.
Sendlingur	3	Greindir á hljóðum, afar erfitt að finna þá. Gætu verið vantaldir.
Maríuerla	1	Sást á flugi ofarlega á ánni.

2. tafla. Fuglar sem sáust í Herðubreiðarlindum 2. júlí 2020. Fjöldi miðast við fullorðna fugla.

Tegund	Fjöldi	Athugasemd
Heiðagæs	12	Sex pör með unga við Þorsteinsskála, ungar ekki taldir með
Álft	4	Eitt par með þrjá unga á Álftavatni og annað með einn unga á tjörnum austan Öskjuleiðar
Stökkönd	2	Tveir steggir skammt neðan við Álftavatn
Grafönd	3	Allt steggir á Álftavatni
Urtönd	14	Fjórtán fullorðnir fuglar og fimm ungar á Álftavatni. Ein kollan var með 5 unga en tvær aðrar ungalegar sáust. Aðrir fuglar voru mest steggir.
Skúfönd	8	Fimm steggir og þrjár kollur á Álftavatni
Hávella	3	Einn steggur og tvær kollur á Álftavatni
Heiðlóa	10	Víða um svæðið en mest við Álftavatn
Sandlóa	4	Tvö æst pör austan við Álftavatn
Lóupræll	3	Tveir við Álftavatn og einn vestan Þorsteinsskála
Óðinshani	21	Nítján í hóp á Álftavatni og tveir á tjörnum við Öskjuleið
Kjói	1	Á flugi við Þorsteinsskála
Kría	2	Ein á Álftavatni og önnur á læknum neðar
Smyrill	1	Kvenfugl á veiðum við Þorsteinsskála
Skógarpröstur	1	Einn sást með æti skammt frá klósetthúsum. Að sögn landvarðar verpti par í landvarðahúsinu og kom þar upp ungum sem yfirgáfu hreiðrið fyrir stuttu
Maríuerla	2	Par við salernishúsið á tjaldsvæðinu
Þúfuttlingur	37	Algengir um allt, syngjandi
Snjótittlingur	2	Tveir syngjandi karlfuglar við Álftavatn